

75

Ákvæði til bráðabirgða:

26. okt. Fyrsta reikningsár telst frá því starfsemi hefst samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 og reglugerð þessari, til 31. des. 1929.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 27, 7. maí 1928 til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vígfús Einarsson.

76

REGLUGJÖRÐ

26. okt.

um

holræsi og holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

1. gr.

Þar sem bæjarstjórn hefir látið leggja holræsi í götu, vegi eða á opnu svæði, er hverjum húseiganda, er lóð hans telst til, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, er flytji alt skólþ frá húsinu út í aðalræsið. — Regnvatn af húsi og lóð skal einnig að svo miklu leyti sem hægt er, leitt í húsræsið. — Ef maður vanrækir að leggja ræsi á hæfilegum fresti, er bæjarstjórn tiltekur, eða vatnsveitunefnd fyrir hennar hönd, skal verkið unnið á hans kostnað. —

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra verkfræðing bæjarins eða þeim, er vatnsveitunefnd felur umsjón á lagningu holræsanna í bænum, frá því, og fá samþykki þar til. — Lega, halli, stærð og gerð píþna, brunna, vatnslása og yfir höfuð als þess, sem skólþlögninni innan- og utanhúss tilheyrir, skal ákveðið í samráði við umsjónarmann. — Hann skal og hafa umsjón með verkinu, og er húseiganda skylt að hlýða fyrirmælum hans í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur. — Sje um stórt hús að ræða, eða mikla lögn, má umsjónarmaður vatnsveitunefndar krefjast uppdráttar, er sýni

glögglega alla tilhögun lagningarinnar. Rísi ágreiningur á milli um- **76**
sjónarmanns og húseiganda út af holræsalögn, skal vatnsveitunefnd **26 okt**
skera úr. —

3. gr.

Bæjarstjórn löggildir menn, er teljast skulu hæfir að leggja og ganga frá holræsum, bæði utanhúss og innan, enda sýni þeir eða sanni fyrir vatnsveitunefnd, að þeir sjeu til þess færir. Þeir einir, er bæjarstjórn löggildir til holræsalagninga, skulu hafa rjett til að leggja og ganga frá skólpræsum, sem standa í sambandi við holræsanet bæjarins.

4. gr.

Kostnaður við holræsagerð bæjarstjórnar greiðist úr bæjarsjóði, en til þess að standast útgjöld þau, er stafa af lagning holræsanna, ber hverjum þeim, er hús á eða lóð við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefir verið lagt í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 2 af þúsundi af fasteignamatsverði húss og lóðar, og enn fremur 1 kr. fyrir hvern metra lóðar sem telst til hlutaðeigendi götu, vegar eða opins svæðis húsræsimegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða. — Nú leggur húseigandi holræsi frá húsísínu í annað aðalræsi, en holræsi þeirrar götu, vegar eða þess opins svæðis, er hús hans telst til, og greiðir hann þá metragjaldið af þeirri hlið lóðar sinnar, sem hann leggur húsræsið út frá. —

Sjerstaka ívilnun eða undanþágu má þó veita, ef lóð er svo háttað að erfiðara er að koma skólpi eða afrenslu frá henni í aðalræsið, en frá öðrum lóðum yfirleitt, og einnig má leggja sjerstakt aukagjald, ef skólp frá einhverri lóð er svo á sig komið, að telja má meiri útgjöld stafa af því, en öðru skólpi.

5. gr.

Holræsagjald greiðist af lóðareiganda og hefir hann einn ábyrgð á greiðslu þess. Gjaldið hefir lögtaksrjett, og er það trygt með lögveðrjetti í lóð og mannvirkjum lóðareiganda á henni næstu 2 ár eftir gjalddaga, með forgangsrjetti fyrir hverskonar samningsveði og aðfararveði. Árlegur gjalddagi holræsagjalds er 1. júlí, en kostnaður við lagning holræsa greiðist að lögn lokinni.

6. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, alt að 200 krónum, er renna í ríkissjóð.

Mál út af brotum gegn reglugjörð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

76 Reglugjörð þessi, sem bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar
26. okt. hefir samið og samþykkt staðfestist hjermeð samkvæmt vatnalögum nr.
15, 20. júní 1923 til að öðlast gildi 1. nóvember 1928 og birtist til eftir-
breytni öllum sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 26. okt. 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

77
27. okt.

AUGLÝSING

um

meðalmeðgjöf af hálfu barnsfeðra með óskilgetnum börnum til 14.
maí 1931, samkvæmt lögum nr. 15, 31. maí 1927.

	1. <i>Reykjavíkarkaupstaður.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	270 kr.
— —	9 —	—	215 —
— —	14 —	—	250 —
— —	16 —	—	60 —
	2. <i>Hafnarfjarðarkaupstaður.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	270 kr.
— —	9 —	—	215 —
— —	14 —	—	250 —
— —	16 —	—	60 —
	3. <i>Gullbringusýsla.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	250 —
— —	9 —	—	200 —
— —	14 —	—	225 —
— —	16 —	—	50 —
	4. <i>Kjósarsýsla.</i>			
Til fullra	4 ára	aldurs	250 —
— —	9 —	—	200 —
— —	14 —	—	150 —
— —	16 —	—	50 —